



## Áföll og viðbrögð við þeim

Tjarnarskóli er lítill skóli þar sem mikill samhugur og gott samstarf er í fyrirrúmi. Skólastjóri hefur ávallt veg og vanda af því að bregðast við þeim áföllum sem upp koma hverju sinni. Fagmenn eru kallaðir til eftir því hvers eðlis áfallið er. Hjúkrunarfræðingur skólans er til taks og prestar Dómkirkjunnar eru okkar næstu nágrannar og leggja okkur lið þegar þeirra er þörf.

Metið er hverju sinni og eftir því hvers eðlis áfall er hverja og hvort kalla þurfi til sérfræðiaðstoð s.s. sálfræðing. Góð nærvera, viðmót, hlustun og spjall við nemendur og starfsfólk er hin gullna regla þegar áföll af einhverju tagi koma upp. Foreldrahópurinn er einnig upplýstur eins fljótt og auðið er, s.s. ef andlát/alvarlegt slys ber að höndum í Tjarnarskólasamfélaginu.

Ef Tjarnarskólasamfélagið stendur frammi fyrir því að upplýsingar um andlát/alvarlegt slys, nemanda, starfsmanns, aðstandanda berst þarf að bregðast við eins fljótt og auðið er í samráði við aðstandendur viðkomandi eins og kostur er. Mikilvægt er að kanna við hverja (nemendur og/eða foreldra, starfsmenn), þarf að ræða við einslega áður en rætt verður við nemendur í hóp/hópum. Hjúkrunarfræðingur og/eða aðrir fagmenn sem mikilvægt er að kalla til, allt eftir eðli atviks, eru kallaðir til nánari ákvarðanatöku til þess að tryggja sem bestan framgang.

Upplýsingum er komið á framfæri um áfallið af nærgætni. Starfsmönnum og nemendum er sagt frá hvað hefur gerst og foreldrum/forráðamönnum eru sendar upplýsingar um atvik og hvernig brugðist verður við.

Ef um andlát er að ræða er Tjarnarskólasamfélaginu boðið til samverustundar eins fljótt og kostur er til að minnast hins látna og sýna samhug.

## Áfallaráð Tjarnarskóla 2019 - 2020

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri; s. 8916899 hs. 5689951

Arna Garðarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur, s. S. 694-4824

Prestar Dómkirkjunnar; s. 5209700

Ef áföll verða í nemenda- eða kennarahópnum á skólatíma þá ber að koma upplýsingum án tafar til skólastjóra eða annarra starfsmanna skólans.

Skólastjóri hefur samband við nánustu aðstendendur. Ef nemandinn/starfsmaðurinn þarf að fara á slyssavarðstofu fer starfsmaður skólans með nemandanum/starfsmanninum ef foreldri/-forráðamanni/aðstandanda gefst ekki tími til að komast í tæka tíð.

Ef um slys á starfsmanni skólans er að ræða ber að tilkynna atvikið til lögreglu sem kemur á vettvang og gefur skýrslu um slysið.